


Atvinnulífið 2020

Sigurjón Þ. Árnason
Bankastjóri Landsbankans


Árið 2020 er rétt handan við hornið

- Lítum 13 ár til baka til ársins 1994 sem er einmitt árið sem EES samningurinn tók gildi
 - Mikið hefur gerst frá þeim tíma og sennilega er óraunhæft að gera ráð fyrir að næstu 13 ár verði jafn viðburðarrík, en það er þó aldrei að vita
 - Hagvöxtur á Íslandi hefur verið 4% að meðaltali og c.a 25 þúsund ný störf hafa skapast í hagkerfinu á þessum tíma. Vöxtur á evrusvæðinu á sama tíma var 2% á ári að meðaltali
 - Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um 60%

Hagvöxtur 1994-2006



Kaupmáttur ráðstöfunartekna 1994-2006




Hvað hefur gerst á síðustu 13 árum


- Úti í heimi var net- og GSM væðingin rétt að byrja árið 1994 og þar með grunnforsendan fyrir IT byltingunni sem er sennilega mikilvægasta forsenda alþjóðavæðingarinnar
- Hér heima höfum við upplifað efnahagsstöðugleika og lága verðbólgu og það hefur tekist lækka verðbólguvæntingar verulega
- Pólitískur stöðugleiki hefur skapað forsendur fyrir umbreytingar og framþróun í atvinnulífinu
- Einkavæðing og uppstokkun í atvinnulífinu hefur átt sér stað samhliða. Þessi umskipti hafa skapað nýtt efnahagslandslag
 - Samþjöppun og hagræðing. Aðstæður í sjávarútvegi eru ekki lengur eins mikilvægar varðandi efnahagsstöðugleikann og áður en er engu að síður gríðarlega mikilvægur fyrir þjóðarbúið
 - Á innanlandsmarkaði hefur töluverð samþjöppun átt sér stað samhliða mikilli uppstokkun
 - Skráð fyrirtæki á hlutabréfamarkaði hafa stækkað og umbreytt yfir í alþjóðleg fyrirtæki sem mörg hver eru nú þegar leiðandi á sínu sviði
 - Ríkið enn umsvifamikið á mörgum sviðum: orkugeirinn, heilbrigðisþjónusta og menntamál
- Ég held að það hafi skipt sköpum að það voru innlendir aðilar sem náðu lykilstöðu í íslensku efnahagslífi í þessari umbyltingu

Kynslóðaskipti hafa átt sér stað í atvinnulífnu


Forstjórnar ICEX15






Ríkisforstjórnar



Alþingismenn




2020 gæti litið svona út




Hvaða kraftar eru að verki

- Alþjóðavæðingin gerir það að verkum að heimurinn minnkar – Íslensk fyrirtæki taka þátt af fullum krafti
- Íslenska hagkerfið er að breytast úr því að vera hráefna- og vöruframleiðsluhagkerfi yfir í að vera þjónustuhagkerfi. Sú umbreyting er þegar langt á veg komin og um 70% af verðmætasköpun í dag er í þjónustugreinum
- Sama þróun hefur orðið varðandi vinnuaflið. Rúmlega 70% af störfum í dag eru í þjónustugreinum
- Vinnumarkaðurinn er ekki takmarkandi þáttur með sama hætti og áður – Ísland er að breytast hratt í fjölmeningarsamfélag
- Ísland er komið varanlega á kort alþjóðlegra fjárfesta

Framleiðsla eftir atvinnugreinum 1990-2004



Hlutfall erl. ríkisborgara af mannfj. 1980-2006



Mikilvægt að kæla hagkerfið niður

- Það hefur reynt mjög mikið á hagkerfið og hagstjórnina á síðustu árum. Í dag ætti okkur að vera ljóst hversu mikilvægt það er að peningamálin og ríkisfjármálin gangi í takt
- Það er gífurlega mikilvægt að hagkerfið nái mjúkri lendingu á þessu og næsta ári
- Ef það gerist ekki dregur mjög úr möguleikum þess að hægt verði að nýta þau sóknarfæri sem umbreytingar síðustu ára hafa skapað
- Það er því mikilvægt að ríkið fari varlega varðandi opinberar framkvæmdir til að ryðja ekki öðrum verkefnum úr vegi
- Efnahagsumhverfið er nægjanlega frjótt til að framkalla áframhaldandi verðmætaaukningu á eigin forsendum


Mikilvægi menntunar fer vaxandi

- Efir því sem verðmætasköpunin færir frá vöruframleiðslu yfir í þjónustustarfsemi eykst mikilvægi menntunar
- Mikilvægasta “hráefnið” í þjónustusamfélaginu er þekking og kunnátta. Framleiðsla og viðhald þeirra gæða á sér að miklu leyti stað í menntastofnunum
- Aðgengi og gæði menntunar eru því eitt mikilvægasta atriðið til að tryggja áframhaldandi framfarir og bætt samkeppnisaðstöðu
- Í mínum huga skiptir jafnt aðgengi menntunar á öllum stigum gífurlega miklu máli. Smæð samfélagsins gerir það að verkum við sóun á hæfileikum er dýr
- Smæðin gerir það líka að verkum að við þurfum að beina okkar námsmönnum í töluverðum mæli til náms erlendis
- Við erum að hluta til á villigötum varðandi uppbyggingu framhaldsnáms á háskólastigi að mínu viti. Áherslan á að vera á grunnám og meistaranám hér heima en að sækja frekari sérhæfingu erlendis

3% hagvöxtur á ári


- Fólksfjölgun á Íslandi frá árinu 1994 hefur verið 1,1% að meðaltali sem er töluvert yfir væntingum
- Ef árleg fólksfjölgun helst óbreytt fram til 2020 verða Íslendingar um 20 þúsund fleiri en opinberar spár gera ráð fyrir, eða um 355 þúsund. Miðað við að hagvöxtur verði um 3% á ári og atvinnuþáttaka haldist óbreytt verða til um 25-30 þúsund ný störf í atvinnulífinu á næstu 13 árum

Mannfjöldi 1994 – 2020, þús



Landsframleiðsla 1994 – 2020

vísitala 2000=100



Styrkur okkar liggur í

- Við búum við einstakar aðstæður með verðmætar endurnýjanlegar náttúruauðlindir sem einungis eiga eftir að verða enn verðmætari ef rétt er á haldið: fiskur, orka, hein náttúra
- Áhersla á opið hagkerfi og alþjóðleg tengsl hafa lengst af verið höfð að leiðarljósi. Þar með hafa lykil atvinnugreinar verið í alþjóðlegri samkeppni án þess að njóta ríkisstyrkja
- Smæðin kallar á sveigjanleika á öllum sviðum
- Veiðimannasamfélagið kallar á áræðni og vinnusemi og vilja til að takast á við verkefni sem öðrum kunna að virðast óyfirstíganleg
- Síðast en ekki síst er efnahagsumhverfið og stofnanakerfið í öllum aðalatriðum gott og í nokkrum tilvikum frábært
 - Efnahagsumhverfi
 - Vinnumarkaður
 - Fjármagnsmarkður
 - Samkeppnisaðstæður
 - Regluverk
 - Menntakerfið
 - Heilbrigðiskerfið

Helstu hættur eru

- Mesta hættan er sú að ekki takist að skapa forsendur fyrir varanlegum stöðugleika í efnahagsmálum. Takist það ekki er ólíklegt að hér verði hægt að skapa forsendur fyrir áframhaldandi framförum í efnahagsmálum
- Pólítísk óvissa um mikilvæg atriði getur haft neikvæð áhrif á mörgum sviðum.
- Við gætum misst eignarhald og stjórn á lykilfyrirtækjum í þjóðfélaginu úr okkar höndum

Ekki er gefið að allt fari á besta veg ...

- Stórslysamynd 1
 - Við festumst í verðbólguöldu sem drifin er áfram af óstöðugu gengi sem kallar á vixlverkun vaxtahækkana, gengisstyrkingar og óstöðugs fjármagnsflæðis. Ísland verður fórnarlamb alheimsvaxtamunarviðskipta
- Stórslysamynd 2
 - Lykilfyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni flýja land vegna óhagræðis af gengissveiflum. Pólitíkin verður að tryggja alþjóðlega samkeppnisaðstöðu fyrirtækja. Gerist það ekki er hættu á að framsæknustu fyrirtækin sem borga bestu launin hverfa úr landi
- Stórslysamynd 3
 - Pólitískur óstöðugleiki sem eykur óvissu í efnahagslífinu og dregur úr hvata fyrirtækjanna til að áframhaldandi vaxtar

Atriði til umhugsunar

- Hvað gerist þegar stóru fyrirtækin fara á alþjóðlegan hlutabréfamarkað og erlendir fjárfestar eignast umtalsverðan hlut í fyrirtækjunum
- Geta lífeyrissjóðirnir orðið að raunverulegum kjölfestufjárfestum í íslensku atvinnulífi? Þeir eiga í dag þeir rúmlega 9% af heildarverðmæti íslenska hlutabréfamarkaðarins. Árið 1999 áttu þeir 16% af markaðnum
- Þrátt fyrir mikla einkavæðingu á síðustu árum stendur hið opinbera enn í umsvifamiklum atvinnurekstri. Hvernig verður þessu greinum tryggt fjármagn í framtíðinni. Verður það áfram í gegum ríkið eða er markaðs- og einkavæðing lausnin til að tryggja samkeppnisstöðu þessara greina
 - Orkugeirinn er enn nánast allur í forsjá opinberra aðila. Þegar hefur verið lagður grunnur að samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Þessu þarf að halda áfram
 - Í menntageiranum hefur einkarekstur aukist hratt
 - Heilbrigðisgeirinn er enn að mestu leyti í umsjá hins opinbera og verður það sennilega áfram

Tækifærin liggja í

- Tækifærin til vaxtar liggja í þekkingunni sem safnast hefur upp í atvinnugreinunum. Umbreyting á þekkingu yfir í verðmæti og alþjóðleg markaðssetning í enn frekari mæli en gert hefur verið hingað til. Að því leyti eigum við fyrst og halda áfram á þeirri braut sem við eru á í dag
- Þetta gildir um allar atvinnugreinar. Í þessu skilningi eru ekki til hátækni eða látæknigreinar.
- Þannig má skapa öfluga flæðilínu nýsköpunar og atvinnutækifæra með því að tryggja samkeppnisstöðu, markaðsaðgengi, menntun og efnahagslegan stöðugleika og að tryggja að allar ákvarðanir í atvinnulífinu séu teknar á grundvelli arðsemissjónarmiða

Tækifærin liggja í

- Fjármálageirinn er augljóslega mjög ofarlega á blaði. Hann er í mínum huga hin raunverulega stóriðja samtímans
- Orkugeirinn og tækifæri á alþjóðamarkaði eru óþrjótandi. Hér skapar fagþekking og samþætting við fjármálageirann mikla möguleika
- Enn einn möguleikinn er síðan fólgin í sjálfri smæðinni. Ef vilji er fyrir hendi væri hægt að byggja hér á nokkrum áratugum mun fjölmennara þjófélag en líklegur innri vöxtur ber með sér. Hér þarf þó að huga að því að raska ekki þjóðfélagslegu og menningarlegu jafnvægi sem eru verðmæti sem mikilvægt er að viðhalda

Takk fyrir !